

» Ég ætla að tala um vesalings fólkið sem leigði íbúðina af Jóni Ásgeiri 41



Morgunblaðið/Sverrir

Í fyrra Sigrún Helgadóttir hlaut viðurkenningu 2008 fyrir bókina Jökulsár-gljúfur.

Hagþenkir tilnefnir til viðurkenninga

Tíu höfundar tilnefndir

HAGÞENKIR, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, kynnti í gær tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis 2009 fyrir fræðirit, námsgögn eða aðra miðlun fræðilegs efnis til almennings. Eftirfarandi höfundar og rit voru tilnefnd:

Aðalsteinn Ingólfsson fyrir *Ásgerður Búadóttir: Veltir*, Árni Heimir Ingólfsson fyrir *Jón Leifs – Líf í tónum*, Guðrún Ása Grímsdóttir fyrir *Ættartölusafurit Séra Þórðar Jónssonar í Hítardal*, Guðjón Ármann Eyjólfsson fyrir árbók Ferðafélag Íslands 2009 *Vestmannaeyjar*, Gunnar Harðarson fyrir *Blindramminn á bak við söguna*, Helgi Björnsson fyrir *Jökla á Íslandi*, Hugufrún Ösp Reynisdóttir fyrir *Sögu viðskiptaráðuneytisins 1939-1994*, Pétur Gunnarsson fyrir bækurnar *ÞP – Í forheimsunarlandi* og *ÞP í fátæktarlandi*, Sigrún Sigurðardóttir fyrir *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum* og Sæunn Kjartansdóttir fyrir bókina *Árin sem enginn man*.

Bókmenntir Nýtt hefti Tímarits Máls og menningar

FYRSTA hefti ársins af Tímariti Máls og menningar er komið út og væntanlegt í verslanir. Meðal efnis er greinin „Háskaleg og ósjálfbær samfélags-tilraun“ eftir Ingibjörgu Sól-rúnu Gísladóttur, Þorsteinn Antonsson fjallar um ástir Elíasar Marar og dregur fram handrit sem Elías lét eftir sig, Árni Heimir Ingólfsson ræðir um framúrstefnu í íslensku tónlistarlífi á sjöunda áratugnum, Sigríður K. Þorgrímsdóttir skrifar um móður sína Jakóbínu Sigurðardóttur og skáldsögu hennar *Snöruna* og birt er ávarp Vésteins Ólasonar er flutt var á Jónsdegi 23. apríl sl. í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.



Tímarit Máls og menningar.

Myndlist Bókverkasýning í Norræna húsinu

BÓKVERKASÝNINGIN CON-TEXT verður opnuð í Norræna húsinu næstkomandi laugardag kl. 17, en á sýningunni eru myndverk sem tengjast á einhvern hátt bókinni sem formi og hugtaki. Hugmyndin að sýningunni kviknaði hjá hópi danskra listakvenna, en hópurinn tengdist bókverka-fólki vitt og breitt um Norðurlönd í kjölfar þátttöku í alþjóðlega bókverkapríæringnum í Vilnius. Alls taka 24 listakonur þátt í sýningunni, þar af níu íslenskar. Listamennirnir höfðu frjálssar hendur um hvernig þeir unnu með þema sýningarinnar en áhorfandanum er látið eftir að túlka samhengið.



Kynningarspjald CON-TEXT.

Myndlist Hádegisfyrirlestur um Múgavél

LISTAMAÐURINN Gústav Geir Bollason heldur hádegisfyrirlestur við Opna Listaháskólann í tilefni opunar sýningar sinnar Múgavél, í Kubbbnum, sýningarsal myndlistardeildar LHI. Sýningin verður opnuð í dag kl. 17:00, en fyrirlesturinn verður haldinn í húsnæði myndlistardeildar í Laugarnesi á mánudag kl. 12.30. Auk þess að kynna eigin verk á fyrirlestrinum munu þeir Gústav Geir og Þórarinn Blöndal gera grein fyrir sameiginlegu verkefni sínu og annarra aðstandenda Verksmiðjunnar á Hjalteyrri sem stofnuð var fyrir tveimur árum.



Gústav Geir Bollason

Hrólfrur Sæmundsson heldur tónleika

Heppni, hæfileikar og vinnusemi

Eftir Árna Matthíasson
arnim@mbl.is

UNDANFARNA mánuði hafa borist hingað fréttir af velgengni bari-tönsöngvarans Hrólfs Sæmundssonar sem er fastráðinn hjá Óperunni í Aachen og hefur unnið þar hvern söngsigurinn af öðrum. Þrátt fyrir annir ytra hefur Hrólfr verið iðinn við að syngja hér á landi eftir því sem hann hefur komist til þess og gott færi gefst til að sjá hann og heyra í Salnum næstkomandi laugardag, en þá heldur hann einsöngtónleika með Gerrit Schuil við píanóið og hyggst flytja sýnishorn af þeim arium sem hann hefur sungið í Aachen, þar á meðal ariur úr Töfraflautunni, Evgení Onegin, Tannhäuser, Rakaranum í Sevilla, Faust og Carmen.

Hrólfrur lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir leiðsögn Guðmundar Jónssonar og síðan meistaraðráðu í einsöng við New England Conservatory í Boston, en eins og getið er hefur hann

Í HNOTSKURN

» Hrólfrur Sæmundsson heldur einsöngstónleika í Salnum á laugardag kl. 17.

» Undirleikari verður pí-anóleikarinn og hljóm-sveitarstjórinn Gerrit Schuil.

» Hrólfrur hefur slegið í gegn í stórum hlutverkum í Óperunni í Aachen í Þýskalandi, nú síðast í titilllutverkinu í Evgení Onegin eftir Tjækovskí.

starfað við óperuna í Aachen og kaus hana fram yfir önnur störf sem honum stóðu til boða því hann sá fram á að fá fleiri stór hlutverk þar. „Það er mikils virði að fá þessi hlutverk núna, gott að ná að læra þau strax og skiptir miklu máli að vera með þau á ferilskránni og kemur sér vel þegar að því kemur að fara lengra,“ segir



Morgunblaðið/Kristinn

Vinnusemi Hrólfrur Sæmundsson, sem hér er með Gerrit Schuil, undirleikara sínum, hlakkar til að sýna hvað honum hefur farið fram í vetur.

Hrólfrur. Hrólfrur segist mjög ánægður í Aachen og kunni til að mynda vel að meta nákvæmnina og skipulagið, enda sé hann þegar kominn með á hreint hvernig sýningahaldi verði háttað næsta leikár með æfingartímum og öllu tilheyrandi.

„Ég verð að minnsta kosti næsta leikár í Aachen, en eftir eitt eða tvö ár langar mig til að stefna hærra og í vor fer ég að leita að verkefnum og jafnvel utan Þýskalands. Það hvað mér hefur gengið vel er náttúrulega

sambland af heppni og hæfileikum en þó aðallega byggist þetta á þrotlausri vinnu enda stefni ég sífellt að því að bæta mig.“

Á tónleikumum á laugardag hyggst Hrólfrur leggja áherslu á þau hlutverk sem hann hefur sungið í vetur, syngur tvær ariur úr hverju verki og svo tvær ariur til viðbótar. Hann segist hlakka til að leyfa fólki að heyra hvað hann hefur verið að fást við „og þó að ég segi sjálfur frá þá hefur mér farið mikið fram“.

Nýtt leikrit eftir Braga Ólafsson í Þjóðleikhúsinu

Djassgeggjarinn Sigurhans og hænuungarnir

Á LAUGARDAGINN frumsýnir Þjóðleikhúsið Hænuungana, nýtt leikrit eftir Braga Ólafsson. Stefán Jónsson leikstýrir verkinu, en leikarar eru Eggert Þorleifsson, Kristbjörg Kjeld, Ragnheiður Steindórsdóttir, Pálmi Gestsson, Friðrik Friðriksson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir. Börkur Jónsson er höfundur leikmyndar, Ríkey Kristjánsdóttir hannah búninga, Halldór Örn Óskarsson gefur ljós og Tómas Freyr Hjaltason sér um hljóð.

Í leikritinu segir frá djassgeggjaranum Sigurhansi sem býr í fjölbýlishúsi í Hlíðunum með Ölgu. Framundan er húsfundur í blokkinni sem Sigurhans hefur boðað til, enda varð hann fyrir því óláni að brotist var inn í geymsluna hjá honum og nokkrum kjúklingum stolið úr frystikistunni. Inn í þann húsfund blandast vangaveltur um hörmulegt hlutskipti kjúklinga og sálarlíf þeirra og einnig sögur af djassmönnum, þar á meðal uppáhaldi Sigurhans sem fékk viðurnefni eftir atviki þar sem fiðurfé kom við sögu.

Hænuungarnir eru annað leikrit Braga fyrir leiksvið. Hið fyrra, Belgíska Kongó, var sýnt við miklar vin-



Hænuungar Eggert Þorleifsson sem Sigurhans og Vigdís Hrefna Pálsdóttir sem Lilý í nýju leikriti Braga Ólafssonar, Hænuungarnir.

sældir í Borgarleikhúsinu fyrir nokkrum árum, en að því verki komu einmitt auk Braga þeir Stefán

Jónsson sem leikstýrði því og Eggert Þorleifsson sem lék aðalhlutverkið.

Vetrarferðin í Íslensku óperunni

● Leikin útfærsla og útgefutónleikar Jóhanns Smára og Kurt Kopecky

BASSASÖNGVARINN Jóhann Smári Sævarsson og pí-anóleikarinn Kurt Kopecky hyggjast flytja ljóðaflokkinn Vetrarferðina eftir Franz Schubert og Wilhelm Müller í Íslensku óperunni næstkomandi sunnudagskvöld.

Verkið verður flutt í leikinni útfærslu, en tónleikarnir eru öðrum þræði útgefutónleikar geisladisks sem þeir Jóhann Smári og Kopecky hljóðrituðu fyrir tveimur árum.

Jóhann Smári Sævarsson hefur víða sungið á undanföllum árum og á sautján ára ferli hefur hann sungið tugi aðalhlutverka í óperuhúsum í Þýskalandi og víðar um Evrópu. Kurt Kopecky var um árabil tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, en er nú búsettur í Finnlandi þar sem hann starfar við finnsku þjóðaróperuna í Helsinki.

Jóhann frumflutti Vetrarferðina í leikinni útfærslu við óperuna í Regensburg árið 2004 og vakti svo mikla athygli að sýningin var sett aftur upp á árinu 2005 og flutt alls þrettán sinnum fyrir fullu húsi. Haustið 2008 flutti hann verkið í Íslensku óperunni ásamt Kurt Ko-



Bassi Jóhann Smári Sævarsson í hlutverki sínu í Vetrarferðinni.

pecky og upptökur frá þeim flutningi eru á nefndum geisladiski. Stefán Baldursson sviðsetti verkið, Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir hannaði leikmynd og Páll Ragnars-son lýsingu. Þorsteinn Gylfason þýddi ljóð Wilhelms Müller.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.